Alþingi
Erindi nr. Þ 138/287
komudagur 26.11.2009

# VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Keldnaholti, 112 Reykjavík, Sími 5806300, Símbréf 5806301,
Netfang: veidimalastofnun@veidimal.is, Veffang: www.veidimal.is

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 24. nóvember 2009

**Mál 19.**

Veiðimálastofnun barst til umsagnar mál 19 í þingskjali nr. 19, tillaga til þingsályktunar um landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á hálendinu. Hér er um mikilvægt mál að ræða, hvernig best verður farið með landið og hvernig það nýtist ferðamönnum án þess að skaði hljótist af. Á ákveðnum svæðum á hálendinu eru mikilvæg veiðivötn með dýrmætri veiðinýtingu, en einnig viðkvæmu lífríki. Mikilvægt er að í landnýtingaráætlun sem þessari verði leitað eftir bestri þekkingu á öllum sviðum. Veiðimálastofnun er reiðubúin að koma að þeirri vinnu. Veiðimálastofnun styður því tillöguna.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðjónsson, forstjóri